

Fjarðabyggð
Valur Sveinsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 4. nóvember 2021
UST202109-234/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020 - 2040 – Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Fjarðabyggðar er barst 23. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020 – 2040.

Náttúruvernd

Í tillögunni er sýndur greinargóður þemauppdráttur með verndarsvæðunum innan sveitarfélagsins.

Í skýringum segir að C-hluti náttúruminjaskrár sé óendurskoðaður. Umhverfisstofnun bendir á að C-hluti náttúruminjaskrár, sem er sýndur á uppdrætti og fjallað er um í greinargerð, er í gildi og þar af leiðandi gildandi C-hluti náttúruminjaskrár.

Í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög nr. 60/2013 er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu og að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Hverfisvernd

Í greinargerð, í kafla þar sem fjallað er um A-hluta náttúruminjarskrár, vill Umhverfisstofnun benda á að hverfisverndarsvæði eru skipulagsákvörðun sveitarfélagsins, sbr. skipulagsreglugerð 90/2013 líkt og kemur fram í greinargerð, en falla ekki undir A-hluta náttúruminjaskrár og því jafnvel eðlilegra að fjalla um hverfisverndarsvæði í sér kafla.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð segir að sýnd séu á þemauppdrætti um náttúruvernd svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd, t.d. votlendi, sjávarfitjar og leirur.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um á nákvæman hátt í greinargerð hvaða vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ákvæði

laganna og fjallað sé um réttaráhrif svæða sem falla undir greinina¹ líkt og er gert í gildandi aðalskipulagi Breiðdalshrepps 2018 -2030.

Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, séu sýnd á þemauppdrætti

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd laganna.

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndar:

- a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur
- b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. náttúruverndarlaga:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef landnýtingaráætlunin gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Framræsing votlendis á landbúnaðarsvæðum

Í greinargerð kemur fram að framræsing votlendis sé aðeins heimil ef hún er forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu eða vegna samfélagslega mikilvægra þarfa. Að mati Umhverfisstofnunar eru skilmálar tillögunnar hvað þetta varðar óljósir og bendir stofnunin á mikilvægi þess að litið sé til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga við gerð og ákvörðun skilmála. Eins og skilmálarnir eru lagðir fram mætti líta svo á að heimilt sé að ræsa fram votlendi vegna túnræktar og bygginga gróðurhúsa, svínabúa o.s.frv.

Auk þess vill stofnunin benda á að í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Umhverfisstofnun bendir á að margar votlendisvistgerðir, eins og starungsmýravist, hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar í skilmálum varðandi framræsingu votlendis á landbúnaðarlandi til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Efnistaka

Í greinargerð segir að efnistaka úr farvegum straumvatna og botni stöðuvatna sé heimil án afmörkunar í aðalskipulagi ef gögn í framkvæmdaleyfisumsókn sýna fram á óveruleg umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á varðandi mikilvægi þess að við efnistöku úr botni stöðuvatna sé litið til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga. Efnistaka úr stöðuvötum og tjörnum getur valdið álagi og neikvæðum áhrifum á lífríki tjarnarinnar í heild, ekki bara á því svæði sem efnið er tekið heldur einnig á nærliggjandi lífríki á botni. Bendir stofnunin á lög 36/2011 um stjórn vatnamála þar sem vistfræðilegt ástand stöðuvatna er metið út frá líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum, er þar t.d. átt við vatnagróður og hryggleysingja. Jafnframt bendir stofnunin á að stöðuvötn og tjarnir eru mikilvæg votlendissvæði og búsvæði fyrir fugla.

Einnig bendir stofnunin á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Skógrækt

Í greinargerð kemur fram að skógrækt er ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja, sbr. ákvæði laga um náttúruvernd og laga um menningarminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að á jaðri og innan SL 40, SL 41 og SL 62 eru votlendi sem falla undir sérstaka vernda, 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun telur að tillagan geti raskað votlendinu og bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan sé yfirfarin og tekið sé tillit til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga eins og kveðið er á um í skilmálum skipulagsáætlunarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að byggingar og skógrækt geta rýrt verndargildi fossa sbr. ákvæð laganna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri

framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Skógrækt og náttúruvernd

Í niðurstöðu umhverfismats á bls. 30 segir að skógrækt breyti tegundasamsetningu, tegundafjölbreytni og ásýnd en erfitt er að fullyrða um það hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands. Umhverfisstofnun bendir á að ef skógrækt raskar búsvæðum ábyrgðartegundanna mun það hafa neikvæð umhverfisáhrif

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki gerð nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirbyggjandi skógræktar á svæðið og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir.

Tillagan gerir ráð fyrir að skógrækt sé heimil á landbúnaðarsvæðum án þess að um sérstaklega tilgreind svæði sé að ræða, en skógrækt er þó ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna vistkerfa.

Umhverfisstofnun bendir á að jaðaráhrif eru hlutfallslega meiri fyrir minni skóga en stærri og á það við um jaðaráhrif á það lífríki sem byggir afkomu sína í skóginum og þess lífríkis sem nýtir flatlendi umhverfis skóginn. Umhverfisstofnun telur það valda minni umhverfisáhrifum, m.t.t. votlendis og mögulega ábyrgðartegunda fugla, ef skipulagður yrði fæ skógarsvæði í stað margra minni skóga.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála skipulagstillögunnar.

Gangamunnar og efnistaka á skógræktarsvæðum

Í greinargerð segir að gangamunnar gætu raskað skóglendi í Fannardal og Mjóafirði en ekki liggur fyrir hvort um er að ræða sérstæða eða vistfræðilega mikilvæga birkiskóga.

Auk þess segir í greinargerð að efnistökusvæði E-10 sé á landi þar sem náttúrulegt birkikjarr er að finna en afar ósennilegt er að þar sé um að ræða sérstæðan eða vistfræðilega mikilvægan birkiskóg.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að fengið sé álit frá Skógræktinni varðandi ofangreindan þátt og að hann sé kortlagður og rannsakaður.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum sem land, a.m.k. 0,5 ha. að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlunin taki tillit til ofangreindra markmiða laganna.

Ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruskógi er það mat stofnunarinnar að gerð gangamunna muni hafa neikvæð umhverfisáhrif.

Veglínur

Í fjarðarbotnum í Reyðar- og Fáskrúðsfirði er sýnd tillaga Vegagerðarinnar þar sem vegur í botni fjarðanna er að hluta annaðhvort á leirum eða sjávarfitjum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Í greinargerð kemur fram að við endanlega útfærslu verður votlendið skráð og lagðar til mótvægisáðgerðir til að draga úr raski.

Umhverfisstofnun vill benda á að Náttúrufræðistofnunun Íslands hefur nú þegar kortlagt votlendi og er hægt að sjá útbreiðslu þess að kortasjá NÍ.² Auk þess fylgir tillögunni þemauppráttur sem sýnir útbreiðslu votlendisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé farið í valkostagreiningu á mögulegum veglínunum og eftir þá greiningu sé valin kostur settur inn á skipulagsupprátt.

Umhverfisstofnu vill benda á að þar sem vegur er lagður yfir votlendi af því tagi sem hér um ræðir ráðast umhverfisáhrif vegagerðarinnar að öllu leyti af staðsetningu vegarins. Ef honum er fundinn staður í votlendi mun það hafa í för með sér óafturkræft rask sem mótvægisáðgerðir geta ekki bætt fyrir.

Því er eina leiðin til að takmarka rask á votlendi að velja veginum stað á þurru landi. Þar sem byggð þrengir ekki að vegstæðinu ætti slíkt að vera mögulegt og það hlýtur að vera hægt að leggja vegi um fjarðarbotna án þess að færa veginn út í votlendi.

Það hefur verið áberandi á undanförunum árum að Vegagerðin hefur unnið með þær veglínur sem framkvæmdakost sem einu sinni eru komnar á skipulag. Umhverfisstofnun telur að þegar veglínur eru settar á skipulag sé einungis um hugmyndir að ræða sem tekið geta breytingum þegar t.d. mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram. Ekki er ásættanlegt að tilvist veglínu á aðalskipulagi sveitarfélaga sé endanleg og getir ekki tekið breytingum við t.d. mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda þar sem framkvæmdaaðilum er gerð skylda að fjalla um valkosti þegar lega vega er annars vegar.

² <https://serstokvernd.ni.is/>

Að mati Umhverfisstofnunar munu veglínur í botni Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, eins og þær eru sýndar á uppdrætti, muni hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Stækkun Mjóeyrarhafnar – Áhrif á friðlandið og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að með afmörkun svæðisins er leitast við að skapa svigrúm fyrir vöxt í hafnarstarfsemi en ýmis tækifæri eru í sjónmáli, t.d. í flutningastarfsemi, fiskeldi og fleiri greinum. Auk þess kemur fram að hafnarsvæðið liggur nærri friðlandinu og fólkvanginum á Hólmanesi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið segir að markmiðið með friðlýsingu friðlandshluta Hólmaness sé að stuðla að sjálfbærri þróun þess lífríkis sem þar fyrirfinnst. Friðlandið Hólmanes flokkast í IV flokk verndarsvæða skv. skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna, IUCN. Í IV flokki eru verndarsvæði þar sem stuðlað er að verndun vistgerða, búsvæða lífvera eða einstakra lífvera. Stjórnun slíkra svæða felur í sér að friðlandinu er haldið við með markvissum hætti með það að markmiði að lífríki þess viðhaldist.

Umhverfisstofnun telur að stækkun á hafnarsvæðinu og starfsemin á því geti aukið álag á vistkerfi á friðlandið og á nærliggjandi vistkerfi og haft áhrif á upplifun gesta og útivistargildi í fólkvanginum. Ekki liggur ljóst fyrir hvers konar starfsemi mun byggjast upp í framtíðinni á hafnarsvæðinu og því er það mikilvægt að mati stofnunarinnar að framtíðaruppbygging rýri ekki verndargildi hinna friðlýstu svæða.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýstu svæðin. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsta svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ vill stofnunin benda á að fjörusvæðið, sem landfyllingin mun raska, nefnist klóþangsfjörur³, sem eru þangfjörur þar sem klóþang er ríkjandi með yfir 30% þekju. Þetta er ein útbreiddasta fjöruvistgerðin og jafnframt sú tegundaaúðugasta því klóþang veitir mörgum öðrum lífverum skjól og búsvæði. Fjörurnar eru með mjög hátt verndargildi og geta verið mikilvæg fæðusvæði fugla, einkum fyrir æðarfugl og vaðfugla á borð við sendling, stelk, tildru og rauðbrysting.⁴

Að mati Umhverfisstofnunar mun stækkun landfyllingar hafa neikvæð áhrif á fjörurnar og búsvæði fuglanna.

Stækkun Mjóeyrarhafnar – Landfylling

Í greinargerð kemur ekki fram hversu stór landfylling sé fyrirhuguð við stækkun Mjóeyrarhafnar, hvert samanlagt svæði er sem fer undir landfyllingu og hver er áætluð efnisþörf landfyllingar. Auk þess kemur ekki fram hvaða efni verður nýtt við gerð

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ <http://www.ni.is/greinar/klothangsfjorur>

landfyllingarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um ofangreinda þætti í áætluninni.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt, nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að fylgja upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.⁵

Árið 2000 setti Hollustuvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) fram leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis og voru þær uppfærðar af Umhverfisstofnun í desember 2016. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru hinar leiðbeinandi reglur.⁶

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um í greinargerð hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, en óljóst er hvers konar hreinsun er nú til staðar í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.

Í greinargerð segir á bls. 21 að fyrirkomulag og ástand fráveitu, bæði í þéttbýli og dreifbýli, er með ýmsu móti og kallar víða á endurbætur sem áætlanir liggja ekki fyrir um.

Auk þess segir að í aðalskipulaginu sé ekki sett fram stefna um ný mannvirki vegna fráveitu en greining á stöðu mála og þörf fyrir breytingar á tæknilegum innviðum fráveitu fer fram á öðrum vettvangi.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram í skipulagsáætlunin hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfis- og auðlindaráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.⁷

Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*⁸, og hins vegar stefnan um *meðhöndlun úrgangs*. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Sú stefna kemur í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

⁵ https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-ogvatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf

⁶ https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf

⁷ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Stefna%20um%20me%C3%B0h%C3%B6ndlun%20C3%BArgangs%202021-2032%20090621.pdf>

⁸ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Saman-gegn-soun-2016_2027.pdf

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar⁹ til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.

Hreint loft

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.¹⁰

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Vatnsvernd

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji sér þau markmið að öll vatnshlot í sveitarfélaginu séu í góðu ástandi og ástand þeirra rými ekki og er það í samræmi við markmið ofangreindra laga og vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Efnistaka til eigin nota

Í greinargerð segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

Varðandi efnistöku í ám og vötnum bendir Umhverfisstofnun á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna.

Vegir í náttúru Íslands

Í tillögunni er sýnt þemakort sem er unnið í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

⁹ https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

¹⁰ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Hreint%20loft%20til%20fram%C3%AD%C3%B0ar,%20lokaeintak.pdf>

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar ¹¹ Skipulagsstofnunar og 4. gr. ofangreindrar reglugerðar varðandi flokkun skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna. Þetta á jafnvel við um þá vegi sem eru innan friðlands Hólmaness sem liggja að rafmagnslínum og endurvarpsmöstrum.

Þynningarsvæði

Í greinargerð og umhverfisskýrslu er fjallað um þynningarsvæði álversins á Reyðarfirði. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til stofnunarinnar frá 10. júlí 2019 segir að í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sé ekki gert ráð fyrir þynningarsvæðum. Fram kemur í erindinu að þegar kemur að endurskoðun starfsleyfa er Umhverfisstofnun veitir þarf stofnunin að fella brott ákvæði um þynningarsvæði.

Ljóst er að endurskoða þarf starfsleyfi álversins við Reyðarfjörð innan tíðar þar sem gefnar hafa verið út nýjar BAT-niðurstöður¹² (þ.e. niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni) og þarf að uppfæra starfsleyfið í samræmi við þær niðurstöður¹³.

Umhverfisstofnun leggst ekki gegn því að varúðarsvæði sé skipulagt á sama svæði og núgildandi þynningarsvæði sbr. skipulagsreglugerð.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹¹ https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf

¹² <https://ust.is/atvinnulif/opinber-birting/upplýsingar-um-utgafu-bat-nidurstadna/>

¹³ <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32016D1032.pdf>